

# Arðgreiðslustefna

## Fjárhagsleg viðmið arðgreiðslustefnu:

- Arður nemi að lágmarki 30% hagnaðar næstliðins rekstrarárs
- Eiginfjárlutfall fari ekki niður fyrir 50% við greiðslu arðsins

## Arðgreiðslustefna Síldarvinnslunnar er svohljóðandi:

„Stjórn Síldarvinnslunnar hf. hefur markað félaginu þá stefnu að við útgreiðslu arðs sé haft til hliðsjónar að félagið sé með sterkan efnahag og nægilega hátt eiginfjárlutfall til mæta þeim sveiflum sem fylgt geta rekstrarumhverfi í íslenskum sjávarútvegi. Það hefur verið keppikefli félagsins að vera í fremstu röð hvað varðar tækniframfarir í veiðum og vinnslu og er þannig mikilvægt að félagið hafi ávallt bolmagn til að grípa þau fjárfestingartækifæri sem myndast þegar þau myndast.

Með vísan til þessa telur stjórnin enn fremur mikilvægt að greiða hluthöfum eðlilegan arð af því fé sem er bundið í félaginu. Er þannig stefnt að því að félagið greiði hluthöfum sínum árlegan arð, sem nemi að lágmarki 30% hagnaðar næstliðins rekstrarárs. Arðgreiðsla skal taka mið af því að eiginfjárlutfall félagsins fari ekki niður fyrir 50% við greiðslu arðsins.

Arðgreiðslustefna félagsins skal vera aðgengileg á heimasíðu félagsins og skal stjórn yfirfara hana eigi sjaldnar en þriðja hvert ár.“